



ÁLFHÓLSSKÓLI

# Matskýrsla

**Skólaárin 2016-2019**

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>Niðurstöður innra mats</b>	<b>3</b>
<b>Fagleg forysta</b>	<b>3</b>
<b>Stefnumótun og skipulag</b>	<b>4</b>
<b>Samskipti heimilis og skóla</b>	<b>5</b>
<b>Nám og kennsla</b>	<b>7</b>
<b>Nemendur, líðan, þátttaka og ábyrgð</b>	<b>9</b>
<b>Mannauður, líðan og starfsandi</b>	<b>12</b>
<b>Samantekt á niðurstöðum</b>	<b>15</b>
<b>Starfsþróun og umbætur</b>	<b>16</b>
<b>Leiðarljós</b>	<b>16</b>
<b>Starfsþróunar- og umbótaáætlun</b>	<b>16</b>

## Inngangur

Hér verða dregnar saman niðurstöður innra mats Álfhólsskóla fyrir skólaárin 2016 til 2019. Til þess að bregðast við niðurstöðum er sett fram áætlun um umbætur og starfsþróun aftast í skýrslunni.

## Niðurstöður innra mats

Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður innra mats frá haustinu 2016 fram til vorsins 2019.

## Fagleg forysta

Hér er fjallað um faglega forystu Álfhólsskóla, stjórnendur sem leiðtoga, stjórnun stofnunarinnar, faglegt samstarf og skólaþróun.

Matstæki og aðgerðir voru eftirfarandi:

- Starfsmannakönnun Skólapúls vorið 2016 og vorið 2018
- Starfsmannakönnun á vegum Mat á skólastarfi vorið 2017 og 2019
- Foreldrakönnun Skólapúls vorið 2017 og vorið 2019
- Starfsþróunarviðtöl árlega
- Endurmenntun stjórnenda
- Rýnihópar starfsmanna vorið 2018
- Mat stjórnenda á kennslu og endurgjöf til kennara árlega
- Handleiðsla nýliða og leiðbeinenda frá haustinu 2018

Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúls sýna ánægja foreldra með stjórnun hefur aukist, úr 91% ánægju í 96% ánægju, og mælist nú um landsmeðaltal. Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúls sýna einnig að starfsmenn hafa ekki verið ánægðari með stjórnun frá því að mælingar hófust og mælist ánægjan nú um landsmeðaltal. Kennarar hafa flestir (82% á móti 67% á landsvísu) fengið mat og endurgjöf á skólaárinu. Rúmum helming finnst matið hæfilega mikið og hátt í 90% finnst það sanngjarnt (svipað og á landsvísu) en aðeins um 73% finnst það gagnlegt (marktækt færri en á landsvísu 88%). Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara hefur aukist mikið og mælist nú svipaður og á landsvísu.

Stjórnendur fóru í kennslustundir og gáfu mat og endurgjöf til kennara skólaárið 2017-2018 og 2018-2019. Verkefnið reyndist umfangsmeira en búist var við

svo ekki náðist að veita öllum kennurum fullnægjandi endurgjöf.

Boðið var upp á starfsþróunarviðtal fyrir alla starfsmenn. Almenn ánægja var með viðtölin.

Kópavogsbær bauð skólastjórum og aðstoðarskólastjórum í Kópavogi upp á námskeið í faglegri forystu veturinn 2018-2019. Almenn ánægja var með námið sem hefur þegar nýst vel í stjórnun skólans þar sem liður í verkefnavinnu var að gera raunverkefni sem gætu nýst skólanum í starfsþróun og umbótum á skólastarfi. Næsta vetur er svo stefnt á að bjóða deildarstjórum í Kópavogi upp á endurmenntun í stjórnun.

Starfsmannahandbók tók miklum breytingum við uppfærslu vorið 2018 og verður í áframhaldandi þróun. Bætt var við talsverðu efni og leiðbeiningum varðandi hæfnimiðað námsmat auk gátlista um mótþöku nýrra starfsmanna og leiðsögn nýliða í kennslu.

Nýliðum í kennslu var boðið upp á handleiðslu frá haustinu 2018. Nokkrir kennarar tóku að sér að leiðbeina nýútskrifuðum kennaranemum og leiðbeindum og fengu til þess afmarkaðan tíma í töflu. Kópavogsbær bauð upp á námskeið jafnt og þétt yfir veturinn fyrir kennara sem tóku að sér handleiðslu. Í starfsþróunarsamtölum kom fram almenn ánægja með þessa handleiðslu. Þörf er þó á að veita leiðbeinendum án kennaramenntunar meiri faglega leiðsögn og handleiðslu, og ef til vill í lengri tíma en eitt ár.

## Stefnumótun og skipulag

Hér er fjallað um stefnumótun Álfhólsskóla og skipulag skólastarfs, verklagsreglur, áætlanir, starfsáætlun og skólanámskrá.

Matstæki og aðgerðir voru eftirfarandi:

- Yfirferð áætlana og verkferla árlega
- Starfsáætlun uppfærð árlega
- Þróun skólanámskrár
- Skil og vinna við námslotur á Mentor
- Innleiðing ÖSE vorið 2018
- Facebook síða skólans og heimasíða í sífelldri uppfærslu
- Stefnumótunardagur Álfhólsskóla árlega

Farið var yfir verkferla og áætlanir að hausti 2018, uppfært eftir þörfum og birt á heimasíðu. Starfsáætlun var unnin og samþykkt af skólaráði ár hvert.

Innleiðing hófst á skólamenningaráætlun Öll sem eitt, sem er hluti af forvarnar- og viðbragðsáætlun skólans. Teymi starfsfólks heldur utan um innleiðinguna

sem fór vel af stað. Unnið verður að áframhaldandi innleiðingu á næsta skólaári.

Skólanámskrá var endurskoðuð í vetur. Námsgreinarsvið og almennur hluti hefur verið birtur á heimasíðu skólans. Hæfniviðmið allra greinar voru endurskoðuð og sett inn í Mentor að vori 2019. Námskráin er lifandi plagg og því í áframhaldandi þróun.

Boðið var upp á leiðsögn og ráðgjöf í Mentor reglulega skólaárið 2018-2019. Allar kennsluáætlanir voru settar upp í námslotur og lagt áherslu á áframhaldandi innleiðingu á hæfnimiðuðu námsmáti. Innleiðing hæfnimiðaðs náms og námsmats er komin langt á veg en þó er enn þörf á að fylgja þessu enn frekar eftir haustið 2019 með leiðsögn og aðstoð. Einnig er þörf á námskeiði fyrir foreldra um hæfnimiðað nám og birtingu þess í Mentor. Lagt er upp með að bjóða upp á slíkt námskeið haustið 2019 í samvinnu við foreldrafélagið.

Skólareglur voru endurskoðaðar vorið 2018 í samvinnu við nemendastjórn og skólaráð og innleiddar haustið 2018 með góðum árangri.

Komið var á facebook síðu fyrir skólann vorið 2018 þar sem birtar voru myndir, myndbönd og fréttir frá starfinu og vísað á heimasíðu skólans sem er í stöðugri uppfærslu. Almenn ánægja hefur verið með þetta framtak.

Stefnumótunardagar voru haldnir að vori ár hvert. Rætt var um ábyrgð nemenda og foreldra á námi, læsi og lestur 2018 og svo innleiðingu heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna í Kópavogi 2019. Tekið var tillit til hugmynda og ábendinga frá nemendum, starfsfólki og foreldrum við umbætur og stefnumótun ár hvert. Almenn ánægja er með stefnumótunardaga í Álfhólsskóla.

## **Samskipti heimilis og skóla**

Hér er fjallað um samskipti heimilis og skóla, skólaráð og foreldrafélag, þátttöku foreldra í skólastarfinu og upplýsingamiðlun.

Matstæki og aðgerðir:

- Foreldrakönnun Skólapúls vorið 2017 og vorið 2019
- Stefnumótunardagur árlega
- Morgunkaffi foreldra og stjórnenda árlega
- Kynningarfundir fyrir foreldra í 1., 5. og 8.bekk
- Skólaráð
- Vikupóstar
- Facebook síða og heimasíða skólans

- Samráðsdagar tvisvar á ári

Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúls mælist upplifun foreldra á foreldra samstarfi almennt svipað og á landsvísu.

Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi hefur aukist frá því að vera undir landmeðaltali vorið 2017 í að vera um landsmeðaltal vorið 2019. Foreldrar upplifa einnig að á árunum 2017-2019 hafi áhrif þeirra á ákvarðanir varðandi nemendur aukist og mælist nú um landsmeðaltal en var áður markækt undir landsmeðaltali. Foreldrar myndu vilja hafa meiri áhrif á áherslur í námsgreinum, val á námsefni og kennslufyrirkomulag og minni áhrif á foreldrasamskipti en þeir hafa nú.

Ánægja foreldra með foreldraviðtal, sem er tvisvar á ári, hefur farið frá því að vera marktækt minni árið 2017 í að vera marktækt meiri árið 2019 og mælist nú 100% sem er hæst allra skóla af svipaðri stærðargráðu. Í millitíðinni bauð skólinn m.a. upp á endurmenntun í viðtalstækni sem skilaði augljósum árangri.

Stefnumótunardagar eru haldnir árlega að vori og hafa almennt gengið vel. Stefnumótunarfundur foreldra féll þó niður vorið 2018 en þá hitti hann á klemmudag. Tekin var umræða með skólaráði um hvernig mæti auka þátttöku foreldra á stefnumótunardegi. Þrátt fyrir tilraunir til að höfða meira til foreldra var áfram fámenn af foreldrum en þó mjög góðmennt og komu margar góðar ábendingar og hugmyndir frá foreldrum um stefnumótun og umbætur. Ánægja er með þessa stefnumótunardaga þótt foreldrafundurinn sé fámennur og verður boðið upp á þessa fundi áfram.

Foreldrum hvers stigs hefur verið boðið í morgunkaffi og spjall með stjórnendum árlega, sem hefur verið almenn ánægja með. Mæting hefur verið mjög góð á yngri stigum en aðeins dræmari á þeim eldri.

Boðið var upp á kynningarfundir fyrir foreldra í 1., 5. og 8.bekk. Almenn ánægja hefur verið með þessa fundi. Stefnt er á að auka við fræðslu og kynningarfundir fyrir foreldra haustið 2019 og bjóða t.d. upp á lestrarkennslunámskeið, Mentornámskeið o.fl.

Skólaráð hefur fundað samkvæmt áætlun og oftar eftir þörfum. Samstarfið hefur gengið mjög vel og stóðu nemendur sig sérstaklega með þryði.

Kennarar hafa sent foreldrum vikupósta með upplýsingum um skólastarfið og bekkjarbrag í gegnum Mentor. Ekki hefur borið á öðru en almennri ánægju með póstanta meðal kennara og foreldra.

Komið var á facebook síðu fyrir skólann vorið 2018, við góðar undirtektir, sem hefur verið í reglulegri uppfærslu líkt og heimasíðan. Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins er almenn ánægja meðal foreldra með heimasíðu skólans.

## Nám og kennsla

Hér er fjallað um nám og kennslu, þ.e. inntak og árangur kennslunnar, skipulag náms og námsumhverfis, kennsluhætti, gæði kennslunnar, námshætti og námsvitund.

Matstæki og aðgerðir:

- Skólapúls: nemendakönnun árlega
- Skólapúls: foreldrakönnun, 2017 og 2019
- Skólapúls: starfsmannakönnun, 2016 og 2018
- Samræmd próf árlega
- Lesfimi, þrisvar á ári
- Stefnumótunardagur árlega
- Kennsluþróun
- Menntabúðir mánaðarlega

Skólapúlsinn var í annað sinn lagður fyrir nemendur í 1.-5.bekk vorið 2019. Verkefnisstjóri og upplýsingatæknistjóri fóru inn í alla hópa og útskýrðu spurningarnar vel fyrir nemendum, samt sem áður áttu sumir nemendur í erfiðleikum með að skilja hugtökin. Næsta vetur er áætlað að umsjónarkennarar fari vel yfir helstu hugtök áður en könnunin er lögð fyrir. Niðurstöður Álfhólsskóla eru að mestu leyti um landsmeðaltal, bæði hvað varðar ánægju af lestri og ánægju og vellíðan í skólanum.

Almennt hafa stelpur meiri ánægju af lestri en drengir og ánægjan fer minnkandi eftir landi, á landsvísu og í Álfhólsskóla. Rýnt var í þetta með nemendum í rýnihópum á stefnumótunardegi vorið 2018. Helstu niðurstöður eru að nemendum á öllum stigum þykir almennt erfitt að finna bækur sem henta getu og áhuga. Nemendur leggja til að bækur séu flokkaðar í hillur eftir aldri. Þá þykir nemendum þörf á að keyptar séu inn fleiri nýjar bækur og fleiri eintök af vinsælustu bókunum. Nemendur á mið- og unglingastigi telja að tækjanotkun sé mikil og verði til þess að krakkar lesi minna. Einnig finnst þeim hvatning foreldra mikilvæg en þeir hætti gjarnan að hvetja nemendur til þess að lesa þegar þeir eldast. Til þess að efla áhuga á lestri leggja nemendur til að almennt sé unnið meira út frá bókmenntum í skólanum og nýjar bækur á bókasafninu séu auglýstar á göngum skólans. Mið- og unglingastigs nemendur telja að strákar hafi minni áhuga á lestri vegna þess að þeir séu uppteknir af tölvuleikjum auk þess sem skortur sé á bókum með stráka sem markhóp, sérstaklega á unglingastigi. Einnig ræða nemendur að hugsanlega séu kynin ólík að eðlisfari og/eða að samfélagið geri kröfur um að kynin uppfylli ákveðna staðalmynd sem hafi áhrif á lestraráhuga.

Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúls í 6.-10.bekk eru almennt um landsmeðaltal. Þrautseigja nemenda í námi hefur aukist á árinum 2017-2019 og mælist nú á landsvísu, en var áður marktækt undir landsmeðaltali. Eins og síðustu ár mælist áhugi á stærðfræði og náttúrufræði marktækt meiri en á landsvísu.

Samband nemenda í við kennara mælist í fyrsta skipti marktækt undir landsmeðaltali vorið 2019. Þegar litið er á spurningarnar sem mynda matsþáttinn má sjá að það er fyrst og fremst vegna þess að marktækt færri nemendur upplifa að kennarar séu sanngjarnir við sig en á landsvísu. Þetta á fyrst og fremst við um stelpur í 7. og 10.bekk.

Agi í tímum mælist marktækt meiri en á landsvísu að vanda. Virk þátttaka nemenda í tímum mælist í fyrsta skipti marktækt undir landsmeðaltali. Eru það einna helst stúlkur í 9.bekk sem taka marktækt minni þátt í tímum en stelpur á sama aldri á landsvísu. Um 82% foreldra telja hæfilegan aga í skólanum, svipað og á landsvísu, samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúls 2019.

Mikilvægi heimavinnu í náminu mælist um landsmeðaltal í öllum árgöngum að 7.bekk undanskyldum, en þar mælist mikilvægi marktækt undir miðað við jafnaldra. Stelpum þykir heimanám almennt mikilvægara í náminu en drengjum, hér og á landsvísu.

Almennt eru niðurstöður í 7. og 9.bekk lakari en í öðrum árgöngum. Vísbendingar um veikleika í þessum árgöngum hafa einnig komið fram á skólamenningarfundum og í ÖSE könnun. Þegar eru hafin áttaksverkefni með hópana sem heild og einstaka nemendur, hvað varðar bæði nám og líðan. Sú vinna heldur áfram haustið 2019.

Samkvæmt foreldrakönnun Skólapúlsins mælist ánægja með nám og kennslu um landsmeðaltal. Ánægjan mældist undir landsmeðaltali á miðstigi vorið 2017 en jókst all verulega vorið 2019 og mælist nú um landsmeðaltal. Um 96% foreldra eru ánægðir með stjórnun skólans, svipað og á landsvísu.

Um 75% foreldra barna í Álfhólsskóla finnst námsefnið vera hæfilega þungt, sem er marktækt færri en á landsvísu (82%). Svipað og síðustu ár. Þegar spurningarnar sem mynda matsþáttinn eru skoðaðar má sjá að foreldrum barna í Álfhólsskóla finnst námsefnið oftara vera of létt en á landsvísu. Eru þetta fyrst einna helst foreldrar drengja á yngsta stigi sem eru marktækt óánægðari en aðrir.

Samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins hefur ánægja kennara skólans með kennarastarfið aukist mikið og mælist nú um landsmeðaltal. Líkt og undanfarin ár (nema árið 2016) eru kennarar í Álfhólsskóla með marktækt meiri trú á eigin getu en kennarar á landsvísu.

Fjöldi þróunarverkefna eru í gangi í Álfhólsskóla. Verkefnin eru: kóngulóardagra, Vinnum saman, Erasmus - gegn rafrænu einelti, Móðurmál í stafrænum heimi, Öll sem eitt: Skólamenningarátlan, Allir kennarar eru lífsleiknikennarar, teymiskennsla, læsi og spjaldtölvur í námi og kennslu. Allir kennarar fá tvo



tíma á viku í kennsluþróun innan vinnuramma til að sinna sinni kennsluþróun.

Samkvæmt niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins hefur ánægja kennara skólans með kennarastarfið aukist mikið og mælist nú um landsmeðaltal. Líkt og undanfarin ár (nema árið 2016) eru kennarar í Álfhólsskóla með marktækt meiri trú á eigin getu en kennarar á landsvísu.

Um 45% kennara skólans kenna oftast eða alltaf öllum bekknum í einu, svipað og á landsvísu. Þetta er breyting frá fyrri árum en skólinn hefur alltaf mælt marktækt undir landsmeðaltali hvað þetta varðar.

Eins og síðustu ár eru marktækt fleiri kennarar í Álfhólsskóla (63%) en á landsvísu (50%) sem nota einstaklingsmiðaða kennslu alltaf eða næstum alltaf. Talsverður munur kemur fram á milli stiga en einstaklingsmiðun er oftast eða alltaf í 58% tilfella á yngsta stig (49% á landsvísu), 85% tilfella á miðstigi (53% á landsvísu) og í 22% tilfella á unglingsstigi (45% á landsvísu).

Niðurstöður samræmdra prófa í 4. 7. og 9.bekk voru almennt um og undir landsmeðaltali.

Frá árinu 2016 hafa verið lögð fyrir lesfimi próf í öllum árgöngum Álfhólsskóla eins og annarsstaðar á landinu. Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum eru almennt um og undir landsmeðaltali. Ákveðið hefur verið að ráðast í stórt þróunarverkefni í læsi og lestrarkennslu næsta haust í samvinnu við MMS. Markmið verkefnisins, lesur saman, eru m.a. að auka við fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir, kennarr aðlist meira öryggi og færni í að beita ólíkum lestrarkennsluaðferðum, nemendur fái nám og lestrarkennslu við hæfi og yfir 90% nemenda ná í viðmiði 1 í lesfimi.

Menntabúðir #Kópmennt hafa verið haldnar einn mánudag í mánuði í grunnskólum Kópavogs. Á menntabúðum koma kennarar saman, ræða og segja frá starfi sínu og læra hver af öðrum með hver öðrum. Markmiðið er að efla, styðja og styrkja lærdómssamfélagið, miðla þekkingu og reynslu og skapa samstarfsvettvang sem snýr að starfsþróun og símenntun. Álfhólsskóli hélt menntabúðir í janúar 2019 og var metþátttaka á búðirnar. Allar búðirnar nema einar (sem voru aðkeyptar) voru mannaðar af starfsfólki og nemendum skólans. Þetta var í fyrsta skipti í sögu menntabúða sem tókst að manna heilar búðir alfarið með starfsfólki úr viðkomandi skóla, sem vakti mikla eftirtekt. Verkefnið hefur gengið mjög vel og hefur Kópavogsbær fengið styrk frá Sprotasjóði til að halda því áfram skólaárið 2019-2020.

## **Nemendur, líðan, þátttaka og ábyrgð**

Hér er fjallað um nemendur, þátttöku þeirra og ábyrgð í námi, líðan þeirra í skólanum og samskipti við samnemendur og starfsfólk.

Mælitæki og aðgerðir:

- Skólamenningarfundir haustið 2018
- Rýnihópar nemnda eftir þörfum

- ÖSE nemendafulltrúar
- Nemendastjórn
- Lausnateymi frá og með haustinu 2018
- Stefnumótunardagur árlega
- Skólamenningaráætlun: Öll sem eitt, frá og með vorinu 2018
- Skólapúls nemendakönnun árlega
- Skólamenningarkönnun árlega
- Markviss lífsleiknikennsla frá og með haustinu 2018

Innleiðing nýrrar skólamenningaráætlunar: Öll sem eitt hófst vorið 2018 og hefur gengið mjög vel. Liður í þeirri innleiðingu er m.a. að koma á skólamenningarfundum í þjóðfundarstíl á haustinn í 1.-10.bekk. Markmið fundanna er að rýna í skólamenninguna í hverjum árgangi, samskipti, líðan, viðhorf og leiðir til umbóta. Fundirnir voru haldnir í fyrsta skipti haustið 2018. Teknar voru saman helstu niðurstöður fyrir hvern árgang og sendar á umsjónarkennara sem unnu svo með þær áfram með sínum nemendum.

Helstu niðurstöður skólamenningarfundanna á yngsta stigi eru að almennt eru nemendur sammála um að flestir eigi vini í skólanum og fáir séu einmana. Ef þeir sjá að einhver er einn segjast nemendur bjóða viðkomandi að vera með, reyna að tala við hann, kynnast honum betur, hjálpa honum eða leika við hann en stundum vilji viðkomandi vera einn. Nemendur eru sammála um að þeir séu hræddir við suma nemendur í skólanum sem eru að stríða og lemja aðra. Þeir bregðast við með því að setja stopp eða hætta, koma sér úr aðstæðum, fela sig, segja frá og forðast viðkomandi. Sumir segja frá því að þeir bregðist við með reiði eða fari að gráta. Nemendur eru einnig sammála um að sumir nemendur séu vondir við aðra, þeir stríði, skilju útundan og/eða meiði. Nemendur eru duglegir að segja frá og biðja viðkomandi um að hætta. Nemendur voru sammála um að einelti væri í algjöru lágmarki í Álfhólsskóla en greindu þó frá einhverjum tilvikum þar sem þeir töldu að um einelti gæti verið að ræða. Nemendur voru duglegir að segja frá reynslu sinni af erfiðum samskiptamálum sem er búið að leysa sem og dæmi um einelti sem þeir hafa séð á Youtube. Nemendur ræddu að ef þeir yrðu vitni af einelti myndu nemendur segja frá, reyna að stöðva eineltið, bjóða þeim sem verður fyrir eineltinu að vera með og reyna að hjálpa. Nemendur koma með margar góðar hugmyndir að því hvernig þeir geti orðið betri vinir. Einnig kom fram að nemendur vilja fá fleiri leiktæki svo það sé auðveldara að finna sér eitthvað að gera saman. Framkvæmdir hafa þegar hafist á skólalóðinni Digranes megin og á m.a. að fjölga leiktækjum.

Nemendum á miðstigi finnst flestum góð skólamenning í Álfhólsskóla. Þeim finnst góð samskipti milli nemenda og kennara og góðar reglur við lýði. Í einhverjum tilfellum geti þó vinnufriður og samskipti verið betri og að nemendur mættu vera jákvæðari. Nemendur eru sammála um að þeir vilji ekki hafa ofbeldi, einelti, stríðni eða neikvæð samskipti í skólanum. Þeim finnst mikilvægt að virða mörk hvers annars og fylgja reglum. Nemendur á miðstigi eru með

margar góðar hugmyndir að því hvernig megi efla jákvæða skólamenningu, t.d. hópefli og samvera, jákvæðni, koma betur fram við hvort annað, hafa góðan vinnufrið og efla jákvæð tengsl milli kennara og nemenda.

Nemendum á unglíngastigi finnst skólamenningin almennt góð en eru þó sammála um að hún sé misgóð eftir hópum. Almennt ræða nemendur að það sé skemmtilegt í skólanum, flestir eigi vini og það sé gott andrúmsloft í skólanum. Margur upplifa þó að það sé mikil klíkumyndun og talsverður rígur á milli hópa sem skapi stundum neikvæð samskipti og drama. Almennt eru nemendur á unglíngastigi sammála um að þörf sé á markvissu hópefli til þess að hrista betur saman hópinn og kynnast betur.

Skólameningarkönnun Álfhólsskóla var lögð fyrir nemendum í 6.-10.bekk. Markmið könnunarinnar eru m.a. að leggja mat á skólabraginn í Álfhólsskóla, meta umfang eineltis og/eða samskiptamála í skólanum og greina hvað skólinn getur gert betur í samskiptamálum. Niðurstöður gefa til kynna að nemendum líður almennt vel í skólanum (um 84%), sem er í takt við niðurstöður Skólapúls þar sem líðan mælist almennt góð og um landsmeðaltal. Nánast allir (99%) eiga a.m.k. einn vin/vinkonu í skólanum. Meirihluta nemenda finnst gaman í skólanum (70%) og flestir upplifa góða liðsheild (70%). Einelti hefur aldrei mælist eins lítið í könnunum innan skólans en samkvæmt niðurstöðum hafa einungis verið 6 eineltistilfelli í vetur. Viðkomandi nemendur töldu málið leyst í fjórum tilfellum en tveir upplifðu að málin væru óleyst. Bæði tilfellin voru þegar inni á borði hjá skólanum og í voru í vinnslu þegar könnunin var lögð fyrir. Þetta er í takt við fjölda tilkynninga vegna gruns um ofbeldi og í takt við niðurstöður nemendakönnunar skólapúls en þar hefur dregið verulega úr tíðni eineltis (úr 11% í 9%) og mælist nú marktækt undir landsmeðaltali í fyrsta skipti síðan vorið 2016.

Í könnuninni voru margar opnar spurningar og voru fjölmargir nemendur sem nýttu tækifærið til að segja frá ýmsum áhyggjum sínum af samskiptum nemenda og líðan og skólinn reyndi eftir fremsta megni að bregðast við í kjölfarið. Umsjónarkennarar og lífsleiknikennarar rýndu svo í niðurstöðurnar með hverjum árgangi með rýnihópum með aðstoð nemendafulltrúa Öll sem eitt sem tóku að sér að vera hópstjórar í umræðuhópnum.

Eins og í skólapúlsinum mælist líðan og skólamenning almennt lakari í 7. og 9.bekk en í öðrum árgöngum skólans. Vorið 2018 hófst markviss vinna með þessa árganga í samráði við foreldrahópna. Sú vinna heldur áfram haustið 2019.

Samkvæmt niðurstöðum nemendakönnunar Skólapúls hefur dregið úr trú nemenda á eign námsgetu frá árinu 2017 og mælist nú í fyrsta skipti marktækt undir landsmeðaltali. Á þetta einna helst við stúlkur í 9.bekk. Eins og síðustu ár mælast nemendur í Álfhólsskóla með marktækt lakara sjálfsálit en á landsvísu, þá einna helst stúlkur í 7.bekk.

Nemendafulltrúar Öll sem eitt hafa fundað mánaðarlega á öllum stigum og m.a. komið með tillögur að leiðum til að innvikla gildi mánaðarins inn í starfið hverju sinni. Nemendastjórn hefur hist vikulega og fjallað um ýmis málafni sem liggur nemendum á hjarta auk þess sem stjórnin hefur staðið fyrir ýmsum

viðburðum og upptökum með það að marki að efla jákvæðan skólabrag. Í skólameningarkönnun ÖSE kemur fram að nemendur upplifi að nemendastjórn hafi jákvæð áhrif á skólameninguna og skólabraginn í skólanum.

Annar liður í innleiðingu ÖSE er að koma á lausnateymi við skólann. Lausnateymi byggir á hugmyndafræði PMTO. Teymið er stuðningur við kennara og er hlutverk þess að veita ráðgjöf vegna hegðunar-, samskipta- og/eða námserfiðleika nemenda. Teymið styður kennara með því að velta fyrir sér vandanum og koma með tillögum að lausn mála. Kennari velur svo úr tillögum þá lausn sem honum lýst best á að reyna. Umsjónarkennari vísar þeim málum til nemendaverndarráðs sem ekki hefur tekist að leysa með aðstoð lausnateymis. Í lausnateymi sitja námsráðgjafi, stjórnandi og kennarar. Teymið skiptir með sér verkum og óskar eftir aðstoð sérfræðinga eftir þörfum, t.d. ráðgjafar frá menntasviði, kennsluráðgjafa, sálfræðing o.fl.

Rúmlega 72% nemenda segja einhvern fullorðinn í skólanum sem þeir treysta samkvæmt niðurstöðum skólameningarkönnunar. Eru það einna helst nemendur í 7. og 10. bekk sem treysta síður einhverjum fullorðnum í skólanum. Þetta hljómar nokkuð saman við niðurstöður Skólapúls en þar mælist samband nemenda við kennara í fyrsta skipti marktækt undir landsmeðaltali. Þegar litið er á spurningarnar sem mynda matsþáttinn má sjá að það er fyrst og fremst vegna þess að marktækt færri nemndur upplifa að kennarar séu sanngjarnir við sig en á landsvísi. Þetta á fyrst og fremst við um stelpur í 7. og 10. bekk. Rýnt var í þessar niðurstöður í rýnihópum nemenda og komust nemendur einna helst að þeirri niðurstöðu að þeir legðu ólíkan skilning í hugtakið traust og hugtakið sanngjarn. Haustið 2018 verður því lögð áhersla á að hugtakið traust sé vel skilgreint áður en skólameningarkönnun er lögð fyrir.

Nemendur taka þátt í stefnumótunardegi ár hvert og koma með fjölmargar góðar hugmyndir um umbætur á skólastarfinu. Reynt er að bregðast við hugmyndum nemenda og koma þeim í verk eftir því sem mögulegt er. Dæmi um ábendingu frá nemendum á stefnumótunardegi sem brugðist hefur verið við er að bæta bókakost á bókasafninu.

Álfhólsskóli leggur mikla áherslu á markvissa lífsleikni kennslu á öllum skólastigum og er sú kennsla undirstaða þess að efla jákvæða skólameningu. Góð lífsleiknikennsla er lykilþáttur í að sporna gegn áhættuhegðun, efla seiglu, tilfinningalæsi, borgaravitund, samskiptafærni, sjálfsþekkingu, styrkja sjálfsmynd og hefur þannig jákvæð áhrif á alhliða námsárangur í öllum fögum sem og jákvæða skólameningu. Skólaárið 2018-2019 var lögð sérstök áhersla á að efla lífsleiknikennsluna á unglingsstiginu. Lífsleiknikennarar kenndu lífsleikni í gegnum teymiskennslu og lögðu m.a. áherslu á geðheilsu, núvitund, samskipti, félagsfærni, gildi, seiglu, sjálfsmynd, forvarnir, kynheilbrigðisfræðslu o.fl. Almenn ánægja var með lífsleiknikennsluna í vetur og var námsárangur nemenda almennt með ágætum.

## **Mannauður, líðan og starfsandi**

Hér er fjallað um mannauðinn, líðan starfsfólksins og starfsanda.

Mælitæki og aðgerðir:

- Starfsmannakönnun Skólapúls vorið 2016 og 2018
- Rýnihópar starfsmanna vorið 2018
- Starfsmannakannanir á vegum skólans eftir þörfum
- Starfsþróunarviðtöl árlega
- Mat stjórnenda á kennslu árlega frá haustinu 2017
- STÁL starfsmannafélag
- Klúbbastarf starfsmanna
- Hópefli
- Líf og sál, átaksverkefni haustið 2018

Í niðurstöðum starfsmannakönnunar Skólapúlsins vorið 2018 kemur fram að samvinna kennara um kennslu hefur aukist og er nú marktækt meiri en á landsvísu. Valddreifing við ákvarðanatöku er svipuð og á landsvísu að mati kennara sem er mikil breyting frá árinu 2016 en árin þar á undan hefur hún mælst marktækt meiri en á landsvísu.

Um 55% starfsmanna höfðu farið í starfsmannaviðtöl þegar könnunin fór fram, marktækt færri en á landsvísu (68%). Viðtölum við almenna starfsmenn var ekki lokið þegar könnunin fór fram og áttu þeir flestir eftir að fara í viðtal. Þeir sem höfðu farið þótti viðtalið öllum gagnlegt. Meirihluti kennara (76) höfðu farið í viðtal, eins og á landsvísu, og töldu þeir flestir (85%) að viðtölin hefðu verið gangleg, svipað og á landsvísu. Skólaárið 2018-2019 voru allir boðaðir í starfsþróunarviðtal. Almenn ánægja var með viðtölin.

Starfsánægja og starfsandi hefur batnað verulega frá árinu 2016. Starfsánægja er nú á við landsmeðaltal en starfsandi mælist enn marktækt rétt undir landsmeðaltal (0,3 undir). Í opnum svörum var hópur starfsfólks sem hafði orð á því að starfsandi og starfsánægja hefði batnað mikið og væri almennt mjög góð. Þegar litið er á spurningar sem mynda matsþáttinn um starfsanda má sjá að það er einna helst upplifun starfsfólks á því hvort það sé gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum sem vikur frá landsmeðaltali. Lögð var fyrir könnun á vegum skólans vorið 2019 til þess að kanna þá matsþætti sem unnið var sérstaklega með samkvæmt umbótaáætlun skólaárið 2018-2019. Samkvæmt niðurstöðum eru um 62% starfsmanna sem upplifa að gætt sé jafnræðis og jafnréttis gagnvart samstörfum, en í niðurstöðum skólapúls voru það um 71%. Þörf er á að rýna enn betur í þetta og finna úrlausn. Í könnuninni vorið 2019 var einnig kannað upplifun starfsfólks á starfsanda. um 81% starfsmanna upplifir góðan starfsanda í skólanum, svipað og í könnuninni vorið 2018. Því er enn þörf á að huga að umbótum hvað þetta varðar.

Upplýsingastreymi mælist í fyrsta sinn svipað og á landsvísu, hefur alltaf mælst marktækt lakara en á landsvísu. Aftur á móti gagnrýna nokkrir starfsmenn upplýsingastreymi sérstaklega í opnum svörum og vísa þá til skorts á upplýsingum varðandi nemendur í sérdeildum, varðandi veikindaleyfi starfsmanna, illa

merkt hvernig megi rata um skólann og skort á upplýsingum um í hvaða húsi stjórnendur eru hverju sinni og til hvaða stjórnanda eigi að leita. Brugðist var við þessu haustið 2018 með betri merkingum og upplýsingagjöf.

15 starfsmenn (18%) Álfhólsskóla telja sig hafa orðið fyrir einelti af hálfu samstarfsmanna og/eða nemenda/foreldra. Þetta er marktækt hærra hlutfall en á landsvísu (10%) og hærra en síðustu ár (á bilinu 4,5-10%). 11 starfsmenn hafa upplifað einelti frá öðru samstarfsfólki og 5 hafa upplifað einelti frá nemendum/foreldrum. Þetta eru 9 kennarar og 6 almennir starfsmenn. Eru þetta mjög alvarlegar niðurstöður og fóru stjórnendur skólans um leið í aðgerðir til þess að taka á þessu í samráði við trúnaðarmenn, m.a. með aðstoð ráðgjafa frá Líf og sál.

Skólastjóri fundaði með trúnaðarmönnum og ræddi þessar niðurstöður við þá sérstaklega. Einnig var rætt hlutverk trúnaðarmanna við að vera til staðar fyrir starfsfólk, hlusta og styðja við það.

Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúls voru kynntar fyrir starfsfólki á starfsmannafundi vorið 2018. Þar var rætt sérstaklega um aukna tíðni eineltis og greint frá því að engin kvörtun né tilkynning hefði borist. Biðlað var til þeirra sem upplifa einelti á vinnustaðnum að stíga fram og leita til einhvers sem viðkomandi gæti treyst, hvort sem það væri stjórnandi, trúnaðarmaður eða samstarfsmaður. Eins var lögð áhersla á mikilvægi þess að einstaklingar sem verða fyrir þessari upplifun fái stuðning og ráðgjöf. Þá var greint frá komandi vinnustofum um heilbrigð samskipti á vegum Líf og sál sem haldnar voru í litlum hópum strax á starfsdögum haustið 2018. Þar var farið vandlega og markvisst yfir verkferla, hugtök og jákvæð samskipti og mörk í samskiptum sem byggja á gagnkvæmri virðingu. Mikil ánægja var með vinnustofurnar meðal starfsfólks.

Sem eftirfylgni við þetta var svo á vormánuðum boðið upp á fyrirlestur frá streituskólanum fyrir allt starfsfólk vorið 2019. Að auki var lögð mikil áhersla á að hlúa að fólki og hvetja það til að koma og ræða líðan og samskipti við stjórnanda, trúnaðarmann eða einhvern annan sem viðkomandi starfsmaður treystir. Í könnuninni sem var lögð fyrir vorið 2019 eru þrjú starfsmenn greina frá því að þeir upplifi enn að þeir verði fyrir einelti af hálfu samstarfsmanna, tveir kennarar og einn almennur starfsmaður. Þörf er á að rýna betur í þetta, finna þessa einstaklinga og veita þeim þá aðstoð og stuðning sem þeir þurfa. Enginn greindi frá einelti af hálfu foreldra og/eða nemenda. Ljóst er að mikið hefur unnist til í eineltis og samskiptamálum starfsmanna en enn er þörf á að gera betur og hlúa enn betur að starfsmannahópnum.

Rýnihópar starfsmanna voru á vordögum vorið 2018. Starfsfólki var skipt í 4-5 manna hópa og rætt um starfið á liðnum vetri sem og einstaka niðurstöður starfsmannakönnunar. Almenn ánægja var með starfið á liðnum vetri. Almenn ánægja var með skólastarfið en starfsmenn töldu almennt þörf á hópefli. Skólaárið 2018-2019 var lögð áhersla á að bjóða upp á margskonar hópefli fyrir starfsfólk, á og utan vinnutíma. Var þetta gert með klúbbastarfi, bingói, gleðistundum og fleira.

Stjórnendur hafa farið í kennslustundir og metið kennslu síðan haustið 2017. Í kjölfarið hafa stjórnendur fundað með viðkomandi kennurum og farið yfir það sem gekk vel og hvað mætti betur fara. Skólaárið 2017-2018 gafst ekki nægur tími til að klára endurgjöfina með fullnægjandi hætti og því var áætlaður meiri tími í þetta 2018-2019. Þá gafst góður tími í fundi og endurgjöf en ekki nægur tími til að meta kennslu hjá öllum. Ljóst er að mat á kennslu þarf að hefjast

mun fyrr haustið 2019. Hugsanlega er óraunhæft að ætla stjórnendum að fylgjast með kennslu hjá öllum kennurum árlega. Hugmyndir eru um að efla kennara í að meta kennslu hjá hver öðrum.

Starfsmannafélag Álfhólsskóla, STÁL, hefur verið virkt frá og með haustinu 2016 og hefur meðlimum félagsins fjölgað gífurlega á síðustu tveimur árum og er nú nánast 100% starfsmanna skráðir í félagið. Á vegum félagsins eru starfandi fjölbreytt klúbbur og nefndarstarf, s.s. menningarklúbbur, kebabklúbbur og happynefnd svo eitthvað sé nefnt. Allir meðlimir STÁL eru þátttakendur í a.m.k. einum klúbba eða nefnd. Hefur þetta vakið almenna ánægju meðal félagsmeðlima. Þessir hópar og nefndir verða áfram starfræktar haustið 2019.

## Samantekt á niðurstöðum

Margt hefur unnist á síðustu þremur árum og mikil þróun verið í Álfhólsskóla. Ánægja með stjórnun hefur aldrei verið meiri, meðal starfsmanna og foreldra.

Starfsmenn skólans vinna starf sitt af mikilli hugsjón og ástríðu og hefur stefna skólans tekið breytingum í takt við þetta. Breyttar áherslur í skólastarfi í takt við hæfnimiðað nám og kennslu birtist í framsæknum þróunarverkefnum sem unnið er að í Álfhólsskóla ár hvert. Ýmis þróunarverkefni fara af stað á hverju hausti og sem skila bættum árangri í skólastarfi, styðja við faglega umræðu, efla símenntun og auka starfsánægju kennara.

Mikill mannauður er í Álfhólsskóla sem sinnir góðu starfi. Framundan eru ýmis verkefni sem miða að því að hámarka námsárangur nemenda og styðja við vellíðan og samskipti. Samstarf heimilis og skóla hefur verið afar árangursríkt og verður áfram unnið að því að efla samskiptin þar á milli.

Starfsfólk skólans upplifir almennt góðan starfsanda á vinnustaðnum, vellíðan og jákvæð samskipti. Þó eru einhverjir sem finna til vanlíðunar og upplifa neikvæð samskipti. Það er afar áriðandi að viðkomandi starfsmenn finni hjá sér styrk til að stíga fram og fá stuðning og aðstoð innan skólans. Eitt mikilvægasta verkefni næsta vetrar er að sinna starfsfólki skólans af mikilli alúð og efla traust innan starfsmannahópsins.

Einelti hefur aldrei mælst eins lítið í Álfhólsskóla og má skilja sem svo að ný skólamenningaráætlun, Öll sem eitt, sé þegar farin að skila árangri í nemendahópnum. Samskipti eru almennt mjög góð og mikil liðsheild og vinátta meðal nemenda. Almennt líður nemendum vel í skólanum, en inni á milli leynast nemendur sem skortir sterkari sjálfsmýnd og trú á eigin getu. Áriðandi er að huga sérstaklega að þessum nemendum, efla sjálfstraust, seiglu og samskipti. Það má m.a. gera með áframhaldandi markvissri lífsleiknikennslu.

Nemendalýðræði hefur aukist verulega. Nemendur hafa rödd í skólastarfinu sem heyrist og hefur áhrif. Lögð hefur verið áhersla á að styrkja jákvæða leiðtoga innan nemendahópsins sem hafa haft veigamikil áhrif á skólamenningu og skólabrag.

## Starfsþróun og umbætur

Til að bregðast við niðurstöðum innra mats hefur matsteymi sett fram áætlun um starfsþróun og umbætur til ársins 2022. Nánari upplýsingar um áætlunina má finna í sjálfsmatsáætlun, Lærdómssamfélag í Álfhólsskóla, á heimasíðu skólans.

## Leiðarljós

Álfhólsskóli tryggir að öllum nemendum líði vel jafnt í leik og starfi. Þeir fái kennslu við hæfi hvers og eins og nái hámarksárangri miðað við færni og getu. Nemendur verði ábyrgir, sjálfstæðir í vinnubrögðum og öðlist jákvæða sjálfsmynd. Meginmarkmiðið er að efla læsi, lestur og samvinnu nemenda þvert á árgang og stig í gegnum teymiskennslu og frjótt lærdómsumhverfi fyrir kennara. Samvinna kennara í teymi er enn fremur góð fyrirmynd fyrir nemendur.

## Starfsþróunar- og umbótaáætlun

Matsþættir	Undirmarkmið	Leiðir	Tími	Matsleiðir og gögn	Viðmið um gæði
<b>Fagleg forysta</b>	Dreifð, kennslufræðileg og styðjandi forysta.	Stjórnendur auki þekkingu sína og hæfni til að leiða breytingar og hvernig megi takast á við andstöðu í hópnum. Stjórnendur sækir sér endurmenntun. Kennarar fái reglulega handleiðslu og leiðsögn við innleiðingu á teymiskennslu fyrsta misserið og síðan reglulega eftirfylgd í a.m.k. eitt skólaár. Stjórnendur skipi teymi til að sjá um innleiðingu	Skólastjórn í endurmenntun í faglegri forystu fram á vorið 2019 og deilir efni með öðrum stjórnendum. Handleiðsla hefst haustið 2019. Kópavogsbær bíður upp á endurmenntun fyrir deildarstjóra skólaárið 2019-2020. Stjórnendur sífellt að sækja sér ýmsa endurmenntun á eigin vegum, t.d. með námskeiðum, fyrirlesturum og lestri greina.	Skólapúls, rýnihópar og reglulegar kannanir innan skólans. Stjórnendur fylgjast með kennslu reglulega yfir skólaárið, veita leiðsögn og endurgjöf.	Traust og gagnkvæm virðing milli stjórnenda og starfsfólks skv. könnunum, starfsmannaviðtölum og rýnihópum.




		þróunarverkefnisins “Lesum saman”.			
<b>Stefnumótun og skipulag</b>	Stundatöflur eru viðmiðunarrammi en ekki dagleg tímastýring.	Kennarateymi skipuleggja stundatöflur árgangsins í lotukerfum í samvinnu við stjórnendur. Sérkennarar komi inn í kennsluna og skipulagið með árgangateymum á yngsta og miðstig. Stefnumótun og markmiðasetning kennarateyma undir handleiðslu stjórnenda.	Skipulagsdagar vor og haust árlega. Vikulegir teymisfundir á skólaárinu. Stefnumótunardagur að vori hvert ár.	Stundatöflur, námslotur og námsáætlanir nemenda. Starfsmannaviðtöl, rýnihópar og kannanir á skólaárinu.	Sveigjanleiki nemenda til að hliðra til (velja) í dagskipulagi hvernar viku eftir þörfum hvers og eins. Fagleg umræða í starfsmannahópnum út frá sameiginlegum gildum og framtíðarsýn.
	Sameiginleg gildi og framtíðarsýn.				
<b>Samskipti heimilis og skóla</b>	Gott samstarf og samskipti milli heimilis og skóla.	Stefna og þróunarstarf foreldrum vel kynnt foreldrum. Námskeið og kynningarfundir fyrir foreldra um lestur, Mentor og námsmat. Stefnumótunardagur. Skólaráð.	Kynning á starfi og stefnu skólans að hausti á hverju ári. Samráðsdagar í október og febrúar ár hvert. Kynningar- og fræðslufundir fyrir foreldra að hausti ár hvert. Stefnumótunardagur að vori ár hvert. Skólaráð fundar reglulega.	Skólapúls og reglulegar kannanir innan skólans. Samráðsdagar.	Regluleg og góð samskipti heimilis og skóla skv. könnunum og Skólapúls. Góð skil á heimalestri.
	Öflug teymiskennsla og markvisst samstarf sérkennara,	Fræðsla/kynning fyrir kennara á samvinnunámi og teymiskennslu. Tækifæri til faglegrar	Fyrirlestrar og vinnuhópar apríl/maí 2019 og haustið 2019. Frekari þörf á endurmenntun metin að vori	Mat stjórnenda og kennara á stöðu teymiskennslu á grundvelli matslista í lok	Teymiskennsla í öllum árgöngum. Framfarir einstakra nemenda í mælingum

## Nám og kennsla

faggreinakennara og umsjónarkennara.	umræðu um kennslu sem byggir á hæfnimiðuðu námi. Gagnvirkt nám starfsfólks, þ.e. starfsfólk lærir hvert af öðru og með hvert öðru. Kennarar taka þátt í menntabúðum, segja sjálfir frá og hlusta á aðra. Kennarar fá námskeið í fjölbreyttum lestrarkennsluaðferðum, t.d. Pals, Kpals, vörður að vegvísi o.fl. Markvissir teymisfundir um lestur og lestrarkennslu reglulega yfir skólaárið með aðstoð frá ráðgjöfum og sérfræðingum MMS. Ýmis þróunarverkefni t.d. Lokaverkefni 10.bekkja, Vertu rödd en ekki bergmál, spjaldtölvur í skólastarfi, smiðjur á unglíngastigi o.fl. Uppbrotsdagar, þ.e. kóngulóardagar, heilsudagar o.fl.	ár hvert. Teymi kennara kortleggja stöðuna á hverju vori og setja markmið fyrir haustið. Kennarateymi gera sér framkvæmdaráætlun að vori ár hvert. Vikulegir teymisfundir, oftast eftir þörfum. Mánaðarlegar menntabúðir á skólaárinu. Uppskeruhátíð árlega á skipulagsdögum í júní. Skólaheimsóknir í Álftanesskóla að vori 2019. Fyrirlestur um lestur og læsi frá MMS fyrir alla bóklega kennara vorið 2019. PALS og KPALS námskeið fyrir kennara á yngsta og miðstigi að hausti 2019. Læsisstefna endurskoðuð og uppfærð að hausti 2019. Myndað teymi um þróunarverkefnið "Lesum saman". Teymið gerir framkvæmdaráætlun að hausti 2019 og fylgir henni eftir yfir skólaárið. Bóklegir kennarar funda	hvers misseris. Skólapúls og reglulegar kannanir innan skólans. Niðurstöður samræmdra prófa. Niðurstöður námsmats hvers árs. Rýnt í lesfímíniðurstöður ár hvert með kennurum.	samræmdra prófa og námsmati skólans. 90% nemenda ná í viðmiðum 1 í lestri við lok 4.bekkjar. Framfarir nemenda í lesfímíprófum.
--------------------------------------	---	--	---	---

<p><b>Nemendur; líðan, þátttaka og ábyrgð</b></p>	<p>Samvinnunám nemenda á öllum stigum. Nemendum líði vel, jafnt í leik og starfi. Aukið nemendalýðræði.</p>	<p>Nemendur á öllum stigum vinni reglulega þvert á umsjónarbakki og árganga. Vikulegir bekkjarfundir. Sértek vinna með ákveðna nemendahópa eftir þörfum. Nemendafulltrúar, nemendastjórn og skólaráð. Lausnateymi starfrækt.</p>	<p>reglulega með MMS um árangur lestrarkennslu skólaárið 2019-2020. Ýmis þróunarverkefni ár hvert.</p>	<p>Skólamenningarfundir að hausti ár hvert. ÖSE könnun og rýnihópar í október/nóvember ár hvert. Unnið með tiltekna nemendahópa sérstaklega jafnt og þétt yfir skólaárið 2019-2020. Skólapúls yfir allt skólaárið ár hvert. Samráðsviðtöl í október og febrúar ár hvert. Nemendafulltrúaráð ÖSE fundar mánaðarlega. Nemendastjórn fundar vikulega. Skólaráð fundar reglulega.</p>	<p>Skólapúls, rýnihópar og reglulegar kannanir innan skólans. Nemendaviðtöl. Samráðsdagar. Stefnumótunardagur.</p>	<p>Samvinnunám þvert á árganga reglulegur viðburður í vikulegri vinnu nemenda. Aukin ábyrgð nemenda á eigin námi og meiri einstaklingsmiðun. Betri líðan skv. Skólapúlsi og reglulegum könnunum skólans.</p>
	<p><b>Mannauður, líðan og starfsandi</b></p>	<p>Starfsánægja og starfsandi góður. Starfsfólki líði vel í vinnunni. Hlutverk starfsmanna skýr í handbók.</p>	<p>Unnið eftir móttökuáætlun um nýja starfsmenn. Nýir kennarar funda vikulega með leiðsögukennurum. Boðið upp á námskeið,</p>	<p>Starfsmannahandbók endurskoðuð og kynnt á hverju hausti. Móttökuáætlun virkjuð um leið og nýtt starfsfólk hefur störf. Nýjum kennurum úthlutað</p>	<p>Skólapúls, rýnihópar og reglulegar kannanir innan skólans. Starfsþróunarviðtöl. Starfsmannasamtöl.</p>	<p>Betri starfsandi, starfsánægja og jákvæð samskipti skv. Skólapúlsinum og reglulegum könnunum skólans.</p>



Nýjir kennarar fá leiðsögn leiðsögukennara.

ráðgjöf og leiðsögn í Mentor.  
STÁL starfsmannafélag og ýmsir klúbbar starfræktir.

leiðsögukennara strax að hausti.  
Verkefnastjóri stýrir Mentor námskeiði að hausti og vori ár hvert og sinnir leiðsögn jafnt og þétt yfir skólaárið.  
STÁL stendur fyrir upptökum og viðburðum reglulega yfir skólaárið.